
ÞINGHOLTSSTRÆTI 25A

FRAMKVÆMDAEFTIRLIT



Lilja Björk Pálsdóttir

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2019
FS758-18481



Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer

201811-0016

Þjóðminjasafnsnúmer

2018-088

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna

Anna Lísa Guðmundsdóttir. 2016. Grundarstígsreitur. Fornleifaskráning. Grundarstígur,

Skálholtsstígur, Þingholtsstræti, Spítalastígur. Skýrsla númer 177. Borgarsögusafn

Reykjavíkur.

Númer fornleifa: 5-587 og 5-590

Tilgangur

Jarðvegsskipti vegna fyrirhugaðs almenningsgarðs

Tegund

Framkvæmdaeftirlit

Staðsetning

Þingholtsstræti 25a, 101 Reykjavík

GPS hnit

357087, 408327

Rannsóknartími

6.12.-19.12.2018

Leyfishafi

Lilja Björk Pálsdóttir

Fjöldi starfsmanna

2

Forsíðumynd: Horft til vesturs yfir reitinn Þingholtsstræti 25a/Fornleifastofnun Íslands ses

Staðsetningarkort



Útdráttur

Lóðin Þingholtsstræti 25a hafði staðið auð um nokkurt skeið þegar sú tillaga að gera lóðina að almenningsgarði kom fram í hugmyndakosningu um nýtingu á Grundarstígsreit árið 2007. Samkvæmt fornleifaskráningu stóðu litlir kofar á lóðinni í upphafi 20. aldar auk þess sem vænta mátti túngarðs á reitnum frá Skálholtskoti. Sökum þessa gerði Minjastofnun Íslands þá kröfу að fornleifafræðingur hefði eftirlit með framkvæmdum. Engar að ofangreindum minjum komu í ljós við eftirlitið enda hafði talsvert rask átt sér stað þar all löngu áður en framkvæmdir hófust og hafði m.a. verið grafið niður 20. aldar rusl á svæðinu. Meðal funda voru því ýmsar glerflöskur, olíulampagler, leirkersbrot og ýmiskonar plast.

Lykilorð

Reykjavík, Þingholt, 20. öld, fornleifar

Abstract

The plot of Þingholtsstræti 25 had been vacant for a while when the idea of making it into a local park was put forwards in a local elections about the area. According to an Archaeological Survey Report a few small sheds were standing in the area at the start of the 20th century, but some traces of a field boundary belonging to the cottage Skálholtskotalso was also expected to be in the plot. Because of this these possible sites The Cultural Heritage Agency of Iceland wanted an archaeologist to monitor the construction in the plot. During the construction work none of the older buildings or boundary was found whereas the area had been heavily disturbed before. In the area a very disturbed 20th C midden layers which were mixed in with some modern plastic and other modern rubbish were discovered. These included glass for kerosene lamps, bottles, ceramic fragments and plastic.

Keywords

Reykjavík, Þingholt, 20th Century, Archaeology

Inngangur

Lóðin Þingholtsstræti 25a er í eigu Reykjavíkurborgar. Hún hefur um langt skeið staðið auð og í verið í órækt en í hugmyndakosningu íbúa um nýtingu á Grundarstígsreit árið 2007 kom fram sú tillaga að gera lóðina að almenningsgarði sem myndi nýtast íbúum hverfisins.¹

Lóðin er um margt merkileg, ekki síst fyrir þær sakir að á þessum helmingi hennar, 25a, hefur aldrei staðið íbúðarhús þrátt fyrir gott rými. Húsið að Þingholtsstræti 25, Farsóttarhúsið var byggt árið 1884 sem spítali ásamt líkhúsi. Ýmis önnur starfsemi tengd hjúkrun átti sér stað í húsinu og á 7. áratug 20. aldar var það gert að gistiskýli fyrir áfengissjúklinga. Norðar á lóðinni (nú 25a) voru reistir skúrar, þar á meðal var reist geymsla (5-587) árið 1893. Þetta var einlyft timburhús, 5x4 m að stærð. Geymslan var rifin árið 1920.²

Fornleifaskráning fyrir svæðið var gerð af Önnu Lísu Guðmundsdóttur hjá Borgarsögusafni árið 2016. Í skráningarskýrslu kemur fram að nokkrir kofar hafa staðið á lóðinni í upphafi 20. aldar og að auk þeirra hafi hluti af túngarði Skálholtskots líklega legið á sömu slóðum.³

Í tengslum við ráðgerðar framkvæmdir á lóðinni fór Minjastofnun Íslands fram á að fornleifafræðingar myndu vakta allt jarðrask innan lóðamarka. Í framhaldi af því fór Bragi Bergsson verkefnastjóri hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses. að stofnunin tæki að sér eftirlitið.⁴

Vaktina stóðu fornleifafræðingarnir Lilja Björk Pálsdóttir, sem var leyfishafi, og Stefán Ólafsson.

Markmið eftirlitsins var að fylgjast með jarðraski vinnuvélar og kanna hvort einhverjar minjar kæmu í ljós við framkvæmdir svo að hægt væri að koma í veg fyrir að mögulegar fornleifar myndu skemmast. Þá var ætlunin að mæla upp og skrá minjar ef þær kæmu í ljós.

Aðferðafræði

Framkvæmd verksins var sú að fornleifafræðingur stóð vakt yfir lítilli beltagröfu á meðan jarðvegur var fjarlægður með henni, lag fyrir lag. Ef mannvist var að sjá í jarðveginum var yfirborðið hreinsað með handverkfærum og úrskurðað hvort um nútíminnar væri að ræða eða fornleifar. Sami háttur var hafður á með snið, handhreinsað var þar sem ruslag kom í ljós og það teiknað. Gripir sem komu í ljós við þessa vinna voru hirtir og þeir skoðaðir af gripafræðingi en

¹ <https://hverfid-mitt-2017.betrireykjavik.is/post/10715>. Sótt 17.12.2018

² Skýrsla nr. 177 í skýrsluröð Borgarsögusafns, bls. 15.

³ Skýrsla nr. 177 í skýrsluröð Borgarsögusafns, bls. 15 og 17.


⁴ Umsögn MÍ201803-0061/6.09/4496

þeim ekki haldið þar sem um var að ræða plastgripi, -poka og leirker auk byggingarefnis frá miðri 20. öld. Teknar voru ljósmyndir eftir því sem verkinu vatt fram og voru þeim gefin hlaupandi númer.



Hreinsað niður á klöpp. Mikið hreyfður jarðvegur/FSÍ

Meginmál



Uppdráttur af rannsóknarsvæðinu er fenginn úr skýrslu nr. 177, skýrsluröð Borgarsögusafns

Framkvæmdaeftirlitið hófst þann 7. desember 2018 þegar uppmokstur með vélgröfu hófst en fornleifafræðingur hafði eftirlit með mokstrinum. Skipta þurfti um jarðveg á svæðinu þar sem til stóð að kæmu stétt og stígur auk leiktaekja og nýs veggjar og mikilvægt að farið niður fyrir frost.⁵ Grunnt er niður á klöpp á þessum slóðum (10-30 cm) og því var farið niður á hana við framkvæmdirnar. Utan stíga og stétta, þar sem ráðgert var að setja niður gróður var víðast aðeins farið niður um 10 sm. Alls voru um 198 rúmmetrar af jarðvegi fjarlægðir af lóðinni við framkvæmdirnar.



Ljósmynd sem sýnir nútímarask á lóðinni. Steinsteyptar hellur fyrir miðju en klöpp og röskuð ruslalög hægra megin/FSÍ.

Þónokkuð rask hafði átt sér stað á lóðinni áður en framkvæmdirnar hófust 2018. Það sást m.a. á þeim jarðögum og gripum sem komu í ljós við eftirlitið. Sérstaklega átti þetta við um austurhluta lóðarinnar, þar sem vænst hafði verið að finna túngarð frá Skálholtskoti (sjá 5-590 á korti). Ekki

⁵ Sjá upprátt aftast, viðauki 1



Ljósmynd af lítið röskuðu ruslalagi. Skalinn er einn metri/FSÍ

sást til túngarðsins en nýleg stétt með sendnu undirlagi lá eftir öllum austurhluta lóðarinnar og er líklegt að garðinum hafi veri raskað þegar hún var gerð.

Ruslalög komu í ljós við framkvæmdirnar. Þau voru blanda af móosku og viðarkolum ásamt steinkolum og í þeim var talsverður fjöldi af leirkerum frá 20. öld ásamt ýmiskonar byggingarefni (nöglum og rúðugleri). Óhreyfður öskuhaugur var um 2,5 m austur af lágum steyptum vegg á lóðarmörkum við gangstétt. Öskuhaugurinn var í suðursniði skurðar (sjá staðsetningu stéttar á uppdrætti, viðauki 1). Öskuhaugurinn var 46-48 cm þykkur og í sniðinu var hann tæpleg 3m langur. Í honum voru bein, gler, postulín og plast. Öskuhaugurinn var í grunnri dæld eða lægð við klöpp. Öskuhaugurinn var strax merkjanlegur undir grasrót (sem var um 10-15 cm þykk) og náði alveg niður á klöpp. Líklegt er að hann hafi áður náð nær götunni til vesturs en þar var hann hreyfður, bæði vegna framkvæmda á lóðinni (vegna steypts veggjar við lóðarmörk og hás trés sem stendur skammt frá veggnum). Ekki var gengið sérstaklega frá svæðinu þar sem til stóð að hefja frekari framkvæmdir við almenningsgarðinn í beinu framhaldi af jarðraskinu.

Lokaorð / niðurstöður

Samkvæmt fornleifaskráningu stóðu skúrar á lóðinni Þingholtsstræti 25 snemma á 20. öld og þar lá líklega einnig túngarður Skálholtskot. Engin ummerki um garðinn eða kofana komu hins vegar í ljós við framkvæmdir á svæðinu og er skýringin líklega sú að mikið rask hafði átt sér stað á lóðinni áður en framkvæmdir hófust að þessu sinni. Einhver jarðvegsskipti höfðu t.d. átt sér stað á þeim hluta lóðar þar sem helst var að vænta túngarðsleifa en þar var hellulögn og þykkt sandlag þar undir. Einnig hafði þónokkur trjágróður verið á þessum hluta. Þrátt fyrir að ekki hafi komið í ljós ummerki um þær minjar sem helst var von á komu í ljós mikið hreyfð ruslalög með móósku og viðarkolum á svæðinu en í þeim var að finna m.a. ýmis konar plast, leirkar og glerbrot, allt 20. aldar gripir sem sýna að rusli hefur verið hent á svæðinu eftir að húskofarnir voru fjarlægðir.

Heimildir

Anna Lísa Guðmundsdóttir. 2016. *Grundarstígsreitur. Fornleifaskráning. Grundarstígur, Skálholtsstígur, Þingholtsstræti, Spítalastígur. Skýrsla númer 177.* Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Netheimildir og bréf

<https://hverfid-mitt-2017.betrireykjavik.is/post/10715>. Sótt 17.12.2018

Umsögn MÍ201803-0061/6.09/4496

Viðaukar

1 Uppdrættir af almenningsgarði á lóðinni Þingholtsstræti 25a

2 Ljósmyndaskrá

Ljósmyndaskrá		
Númer	Átt	Skyring
1	S	Fyrir uppgröft
2	V	Grafið fyrir stétt
3	S	Klöpp
4	S	Grafið niður á eldri hellulögn, nútíma
5	V	Meðan á uppgrefti stóð
6	S	Ruslalag í sniði. Með kolum

